

Rýnihópur í Setbergsskóla þriðjudaginn 3. maí 2016

Ellý Erlingsdóttir umsjónarkennari
Hafdís Ásgeirsdóttir deildarstjóri
Jóhanna Björg Másdóttir þroskaþjálfari og deildarstjóri í sérdeild
Jón Valur Frostason kennari
Margrét Ólöf Jónsdóttir deildarstjóri
Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri
Sólveig Kristjánsdóttir umsjónarkennari

Rýnihópurinn áttar sig á því að skipan sérúrræða hafi verið skoðuð út frá lagarammanum og fjölmenningar og sérkennslufræðum. Við veltum hins vegar eftirfarandi atriðum fyrir okkur:

- Veltum fyrir okkur hver ástæðan var fyrir því að starfshópurinn var settur á laggirnar. Var það ákvörðun fræðsluráðs?
- Hvernig var skipað í hópinn? Veltum líka fyrir okkur hví enginn var frá Lækjarskóla sem hefur mikla reynslu af sérdeildum, enginn þroskaþjálfari var í hópnum og ekki fulltrúi frá foreldrum svo hægt hefði verið að heyra skoðanir allra og jafnvel líka frá nemendum sem hafa verið í sérdeildum.
- Vísun til formála þar sem fulltrúar allra sérdeilda voru kallaðir til að fara yfir kosti og galla þeirra. Hefðum viljað sjá þær niðurstöður aðgengilegri í skýrslunni.
- Það kemur skýrt fram í skýrslunni ef af breytingum verður þá verða bjargir að fylgja inn í skólana. Hópurinn hefur áhyggjur af því að þeim verði ekki fylgt eftir. Við hefðum viljað sjá það betur skilgreint og afmarkað hvað felst í þeim björgum (skilgreina þessar bjargir og kostnaðargreina). Jafnframt álitur rýnihópurinn að ákveðin hætta geti orðið á að sú sérþekking sem til er innan sérdeildanna fletjist út og nýttis skólunum ekki sem skyldi.
- Blaðsíða 7 – Hætta er á að þjónusta verði lakari ef sérdeildir verði lagðar niður.
- Blaðsíða 8 – Hver er reynsla nemenda og foreldra af sérdeildum?
- Blaðsíða 12 – Hver er úthlutun sérkennslu í nágrannasveitarfélögum í samanburði við Hafnarfjörð (23%)?
- Hefði ekki átt að skoða af hverju umsóknum í fjölgreinadeildina fækkaði áður en ákveðið var að hætta að taka inn fleiri nemendur. Hvað ástæður lágu þar að baki?
- Ef foreldri kys að fara með barn sitt í heimaskóla þá standi það nemendanum til boða og barnið fái þann stuðning sem það þarfnast. Spurt er hvort allir nemendur sitji við sama borð og fái sambærilegan stuðning í heimaskóla og sérdeild.
- Rýnihópurinn hefði viljað sjá mun á kostnaði við sérdeildir í núverandi mynd og tilfærslu þeirra inn í skólana.
- Höfum áhyggjur af því að of margir nemendur með sérþarfir verði inn í bekk, erum m.a. að velta fyrir okkur nemendum sem eru nú í sérdeildum og þurfa sértækan stuðning – ekki eingöngu kennslufræðilega sérþekkingu.
- Verða námsverin sem stungið er upp á litlar sérdeildir innan hvers skóla?
- Úræði líkt og Berg er að virka fyrir þau börn sem þar eru, þeim líður vel. Hvað verður um þau og hvernig fylgjum við börnunum eftir með slíkar fatlanir?
- Hvaða aðstaða er hugsuð út í skólunum fyrir nemendur með einhverfu, geðraskanir og fleira?

- Er hægt að draga úr starfsemi sérdeilda á samhliða og eft er skólastarf til að mæta þörfum allra nemenda í sínum heimaskólum. Þurfa úrræðin og leiðirnar ekki að vera á hreinu áður en lagt í þessa vinnu (liður 1 í tillögum)?
- Verður fjármagn aukið til að til að sinna frekari ráðgjöf inn í skólunum (liður 2 í tillögum)?
- Hvernig má það vera að hægt sé að loka fjölgreinadeildinni í ágúst?
- Viljum að ný úrræði verði á hreinu áður ákveðið verði að loka því sem fyrir er.
- Ef loka á móttökudeildinni í Lækjarskóla í janúar 2017 hvað tekur þá við?
- Huga þarf að stærðum sérdeilda og námsvera.
- Ræða þarf kosti og galla þeirra tillagna sem í skýrslunni koma ásamt því að skoða núverandi fyrirkomulag og kosti og galla þess.